



# LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

*Áfangaskýrsla 2017*

*Egilsstaðir, janúar 2018*

## Efnisyfirlit

|          |                                                                            |           |
|----------|----------------------------------------------------------------------------|-----------|
| <b>1</b> | <b>Inngangur.....</b>                                                      | <b>1</b>  |
| <b>2</b> | <b>Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2017 .....</b>                       | <b>1</b>  |
| <b>3</b> | <b>Framkvæmdir árið 2017 .....</b>                                         | <b>2</b>  |
| 3.1      | Landgræðsluaðgerðir á Jökuldalsheiði.....                                  | 3         |
| 3.1.1    | Vaðbrekkuháls.....                                                         | 3         |
| 3.1.2    | Hrafnkelsdalur.....                                                        | 4         |
| 3.1.3    | Skænudalur/Sveifarhæð .....                                                | 4         |
| 3.1.4    | Hallarfjall .....                                                          | 4         |
| 3.1.5    | Laugarvalladalur.....                                                      | 4         |
| 3.1.6    | Múli .....                                                                 | 4         |
| 3.1.7    | Brú.....                                                                   | 4         |
| 3.1.8    | Grunnavatnsalda.....                                                       | 4         |
| 3.1.9    | Gildrusvæði (Norðan Ánavatns) .....                                        | 4         |
| 3.1.10   | Bjallkolluhraun.....                                                       | 4         |
| 3.1.11   | Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir ..... | 5         |
| 3.1.12   | Skjöldólfsstaðhnjúkur.....                                                 | 5         |
| 3.2      | Landgræðsluaðgerðir á áreyrum.....                                         | 5         |
| 3.2.1    | Hólmatunga/Hnitbjörg .....                                                 | 5         |
| 3.2.2    | Galtastaðir .....                                                          | 5         |
| 3.3      | Framlag til bænda.....                                                     | 5         |
| 3.4      | Kort af framkvæmdum sjóðsins. ....                                         | 5         |
| <b>4</b> | <b>Árangursmat - skipulagning aðgerða.....</b>                             | <b>11</b> |
| 4.1      | Jökuldalsheiðin.....                                                       | 11        |
| 4.1.1    | Vorskoðun .....                                                            | 11        |
| 4.1.2    | Haustskoðun .....                                                          | 14        |
| 4.2      | Áreyrar .....                                                              | 20        |
| 4.2.1    | Vorskoðun .....                                                            | 21        |
| 4.2.2    | Haustskoðun .....                                                          | 24        |
| 4.3      | Bændadreifing .....                                                        | 26        |
| <b>5</b> | <b>Fundargerðir stjórnar 2017.....</b>                                     | <b>27</b> |

|                                                                                                                                      |    |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| 5.1 Fundargerð 81. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs þriðjudaginn 24.01.2017 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum. ....      | 27 |
| 5.2 Fundargerð 82. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 03.02.2017 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum. ....       | 28 |
| 5.3 Fundargerð 83. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 15.06.2017 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum. .... | 29 |

## Myndaskrá

|                                                                                                                    |    |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin .....                                                                  | 1  |
| Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins. ....                                                | 1  |
| Mynd 3: Kort af syðstu svæðunum. ....                                                                              | 6  |
| Mynd 4: Brú og nágrenni. ....                                                                                      | 7  |
| Mynd 5: Grunnavatnsalda og nágrenni. ....                                                                          | 8  |
| Mynd 6: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlíð, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldólfsstaðahnjúk. .... | 9  |
| Mynd 7: Áreyrar Jöklu .....                                                                                        | 10 |
| Mynd 8: Skriða utan Þverár í umsjón unglingahóps. Ber orðið lítið á raskinu. ....                                  | 11 |
| Mynd 9: Efst í Skænudalur. Borið síðast á 2016. ....                                                               | 11 |
| Mynd 10: Skænudalur. Sama og mynd 9. Búið að breiða 3 sinnum. ....                                                 | 12 |
| Mynd 11: Inn á Sveifarhæð. Fékk áburð 2015 og 2016. ....                                                           | 12 |
| Mynd 12: Hallarfjall. ....                                                                                         | 12 |
| Mynd 13: Sami staður og mynd 12. Víðir tekur vel við áburði. ....                                                  | 12 |
| Mynd 14: Laugarvalladalur. Hluti dalsins breiddur 2017. ....                                                       | 13 |
| Mynd 15: Laugarvalladalur. Innan við Vesturdalsá. ....                                                             | 13 |
| Mynd 16: Laugarvalladalur. ....                                                                                    | 13 |
| Mynd 17: Laugarvalladalur. Víða sand og vikurorpið. ....                                                           | 13 |
| Mynd 18: Grunnavatnsalda. Þetta fékk áburð í sumar. ....                                                           | 14 |
| Mynd 19: Sunnan við Sænautavatn. Svæðið áborið 2016. ....                                                          | 14 |
| Mynd 20: Dekk veitt úr Jöklu. ....                                                                                 | 14 |
| Mynd 21: Upphalarar tilbúnir. ....                                                                                 | 14 |
| Mynd 22: Vaðbrekkuháls. Hlíðin vinstra megin á myn áborin sumarið 2017. ....                                       | 15 |
| Mynd 23: Í Hrafnkelsdal. Unnið var í börðum þar eins og undangengin ár. ....                                       | 15 |
| Mynd 24: Skænudalur grýtur á kafla. Töluvert stór skammtur var settur á neðri hlutann. ....                        | 15 |
| Mynd 25: Tekið á svipuðum stað og mynd 24. ....                                                                    | 15 |
| Mynd 26: Á Skænudal. Horft til Hrafnkelsdals. Áborið í sumar. ....                                                 | 15 |
| Mynd 27: Skænudalur. Séð til Hattar. Svæðið orðið talsvert stórt. Síðast áborið hér 2016. ..                       | 15 |
| Mynd 28: Á Skænudal. Glögg skil þess áborna. ....                                                                  | 16 |
| Mynd 29: Tekið á sama stað og mynd hér til hliðar. ....                                                            | 16 |
| Mynd 30: Séð á Hallarfjall af Hálsi. Uppgræðslur þar orðnar alláberandi tilsýndar. ....                            | 16 |
| Mynd 31: Hallarfjall utanvert, séð af Hálsi. ....                                                                  | 16 |
| Mynd 32: Laugarvalladalur. ....                                                                                    | 16 |
| Mynd 33: Laugavalladalur innan við Vesturdalsá. Hlíðin nær áborin 2017. ....                                       | 16 |
| Mynd 34: Múli. Áborið norðan við veg í ár .....                                                                    | 17 |
| Mynd 35: Múli. Sami staður og mynd til hliðar. ....                                                                | 17 |
| Mynd 36: Við Grænöxl. Borið aðallega á miðbik svæðisins þetta sumarið. ....                                        | 17 |
| Mynd 37: Séð yfir hluta aðgerðarsvæða í Brúarlandi, við Dysja. ....                                                | 17 |

|                                                                                                                    |    |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 38: Grunnvatnsalda. Breitt var á syðsta hluta svæðisins í ár. ....                                            | 17 |
| Mynd 39: Dæmigerð þekja á syðri hluta Grunnvatnsöldu. Gengur treglega og betra væri að komast oftar um þarna. .... | 17 |
| Mynd 40: Grunnvatnsalda. Rofabörð við Heiðarsel. Unnið var í uppgræðslu þarna í sumar. ....                        | 18 |
| Mynd 41: Grunnvatnsalda, Ánavatn í baksýn. Glögg skil þess áborna sumarið 2017. ....                               | 18 |
| Mynd 42: Grunnvatnsalda. Skil breiðslu 2017 (nær) og 2016 (fjær). ....                                             | 18 |
| Mynd 43: Norðan til á Grunnvatnsöldu er orðið „sultarlegt“ enda langt síðan síðast. ....                           | 18 |
| Mynd 44: Bjallkolluhraun tók vel við áburði 2017. ....                                                             | 18 |
| Mynd 45: Sami staður og mynd hér til hliðar. ....                                                                  | 18 |
| Mynd 46: Bjallkolluhraun. ....                                                                                     | 19 |
| Mynd 47: Bjallkolluhraun. ....                                                                                     | 19 |
| Mynd 48: Langahlíð. ....                                                                                           | 19 |
| Mynd 49: Langahlíð kom vel út eftir áburðargjöf sumarsins sem tókst betur en oft áður. ....                        | 19 |
| Mynd 50: Toddastykki. ....                                                                                         | 19 |
| Mynd 51: Toddastykki. ....                                                                                         | 19 |
| Mynd 52: Toddastykki. ....                                                                                         | 20 |
| Mynd 53: Toddastykki. ....                                                                                         | 20 |
| Mynd 54: Toddastykki. ....                                                                                         | 20 |
| Mynd 55: Toddastykki. Nýgræðingur spírar misvel. ....                                                              | 20 |
| Mynd 56: Toddastykki. ....                                                                                         | 20 |
| Mynd 57: Sum staðar nær nýgræðingur sér á strik. Hér er einæra rýgresið mest áberandi. ....                        | 20 |
| Mynd 58: Galtastaðeyri innri. ....                                                                                 | 21 |
| Mynd 59: Galtastaðeyri. Sami staður og hér til hliðar. ....                                                        | 21 |
| Mynd 60: Galtastaðeyri. Sinan „greidd“ eftir yfírganginn um veturinn. ....                                         | 21 |
| Mynd 61: Melgresið nyrst fékk ágjöf. ....                                                                          | 21 |
| Mynd 62: Gamall áll á ytri eyrinni við Galtastaði. ....                                                            | 22 |
| Mynd 63: Víðir hefur víða náð að skjóta rótum þar sem rakinn er meiri. ....                                        | 22 |
| Mynd 64: Ytri Galtastaðeyrin. Nyrsti hluti svæðisins hefur mátt þola talsverða ágjöf. ....                         | 22 |
| Mynd 65: Ytri Galtastaðeyri. ....                                                                                  | 22 |
| Mynd 66: Dæmigert gróðurfar á eyrum við Hólmatungu. ....                                                           | 23 |
| Mynd 67: Hólmatunga. ....                                                                                          | 23 |
| Mynd 68: Gömul heydreifing við Breiðumörk. Misjafn árangur. ....                                                   | 23 |
| Mynd 69: Surtssstaðeyrin fékk síðast áburð fyrir 2 árum. ....                                                      | 23 |
| Mynd 70: Surtssstaðeyri. Nokkuð góð þekja er kominn á stærsta hluta eyrarinnar. ....                               | 24 |
| Mynd 71: Surtssstaðeyri. Bæði víðir og birki hafa víða skotið rótum þar sem raki er meiri. ....                    | 24 |
| Mynd 72: Hólmatunga. ....                                                                                          | 24 |
| Mynd 73: Hólmatunga. Dæmigerð gróðurþekja. ....                                                                    | 24 |
| Mynd 74: Ytri Galtastaðeyri. BGL verkefni nýhafið hægra megin. ....                                                | 25 |
| Mynd 75: Ytri Galtastaðeyri. Víða víðir í drögum. ....                                                             | 25 |
| Mynd 76: Eyrin tók vel við áburði. ....                                                                            | 25 |
| Mynd 77: Lúpína komin á austurbakkann. ....                                                                        | 25 |
| Mynd 78: Innri Galtastaðeyri. ....                                                                                 | 25 |
| Mynd 79: Innri Galtastaðeyri. ....                                                                                 | 25 |
| Mynd 80: Innri Galtastaðeyri. Beringspuntur. ....                                                                  | 26 |
| Mynd 81: Víðir hefur fundið sér set innan um puntinn. ....                                                         | 26 |

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Rúnari Inga Hjartarsyni nema annað sé tekið fram. Hann sá einnig um korta- og gagnavinnslu og tók saman efni skýrslunnar.

# 1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar. Aðal markið þess er að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hætta á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapaðist um 32 km<sup>2</sup> af grónu landi undir Hálslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á. Unglingavinnuflokkar Landsvirkjunar hafa og komið að dreifingu áburðar og fræs, aðallega í rofabörð þar sem vélar komast illa að.

## 2 Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2017


Unnið hefur verið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs frá 2003. Á þessum árum hefur verið unnið að uppgræðslu á um 6.241 ha lands. Sum svæði hefur verið farið oft um og jafnvel árvisst um einhverra ára bil en annað þurft (eða fengið) minni stuðning eða er nýbyrjað á. Yfirleitt er árangur ágætlega áberandi og oft mjög góður. Einnig eru dæmi um svæði þar sem uppgræðsla hefur ekki tekist sem skyldi enn sem komið er. Á það helst við um áreyrnar neðan til í Jökulsá á Dal en flóð í ánni gera uppgræðslu erfiða. Uppgræðslusvæðin eru því mislangt á veg komin í gróðurframvindu.

Tafla 1: Taflan sýnir umfang svæða alls sem sjóðurinn hefur framkvæmt á til 2017


| Svæði         | ha    |
|---------------|-------|
| Heiði         | 5.066 |
| Áreyrar       | 571   |
| Bændadreifing | 604   |
| Samtals       | 6.241 |

Í töflu 1 eru tíundaðar helstu stærðir svæða sem farið hefur verið í. Unglingadreifing er innifalin í tölunum þar sem hún á við enda að jafnaði mjög afmarkaðir og brotnir skikar sem þeir sinna. Bændasvæðin eru þau svæði sem einstaka bændur hafa fengið framlög til að sinna á sínum jörðum úr sjóðnum. Heiðin er Jökuldalsheiði, Brúaröræfi, og svæði sem sjóðurinn hefur haft forgöngu um að græða.

Á myndum 1 og 2 má sjá magnið af áburði annars vegar og fræi hins vegar sem sjóðurinn hefur breitt ár hvert frá upphafi.



Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin hafa verið á á vegum sjóðsins.



Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.

### 3 Framkvæmdir árið 2017

Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2017 með dreifingu á tilbúnum áburði og sáningu á grasfræi á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift um 200 tonnum af áburði á 1.193 hektara lands og auk þess dreift 200 kg af túnvingulsfræi. Áburðartegundin sem var notuð var Völlur 27-12 frá Búvís. Þetta er umtalsverð aukning áburðar frá árunum á undan.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason og Jón Björgvin Vernharðsson. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Unnið var að uppgræðslu dagana 22.6. - 4. júlí. Byrjað á heiðinni og endað á áreyrum.

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Sú vinna hófst þann síðustu viku júní og lauk um mánaðarmótin júlí/ágúst. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út hverja viku. Vinna þeirra er mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Bændur/landeigendur sáu í mörgum tilvikum sjálfir um það sem þeim var úthlutað undir liðnum „Framlög til bænda“. Mismunandi var hvenær svæði þeirra opnuðust en yfirleitt tókst að breiða á svæðin í júlí.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau svæði sem breidd voru og magn áburðar og fræs á hverjum stað fyrir sig. Einnig er vísað til korta af svæðinu.

**Tafla 2: Yfirlit svæða sem áborin voru sumarið 2017.**

| <b>Aðgerðir 2017</b>   |           |                 |              |                  |
|------------------------|-----------|-----------------|--------------|------------------|
| <b>Skýring</b>         | <b>Ha</b> | <b>Tonn áb.</b> | <b>kg/ha</b> | <b>Sekkir *)</b> |
| Vaðbrekkuháls          | 33        | 7,0             | 212          | 14               |
| Skænudalur             | 107       | 24,0            | 224          | 48               |
| Hrafnkelsdalur         | 11        | 2,0             | 182          | 4                |
| Hallarfall             | 94        | 10,0            | 108          | 20               |
| Laugavalladalur innan  | 32        | 4,5             | 141          | 9                |
| Laugavalladalur utar   | 42        | 6,5             | 155          | 13               |
| Múli                   | 34        | 6,0             | 176          | 12               |
| Brú Grænöxl            | 62        | 10,0            | 161          | 20               |
| Brú Vörðuhraun         | 83        | 13,0            | 157          | 26               |
| Grunnavatnsalda        | 149       | 23,0            | 154          | 46               |
| Gildran                | 48        | 8,0             | 167          | 16               |
| Sænautasel girðing     | 1         | 0,5             | 500          | 1                |
| Bjallkolluhraun dalur  | 115       | 18,0            | 156          | 36               |
| Langahlíð              | 110       | 18,0            | 164          | 36               |
| Toddastykki            | 22        | 4,0             | 182          | 8                |
| Skjöldólfsstaðahnjúkur | 13        | 2,0             | 154          | 4                |
| Hólmatunga             | 50        | 7,5             | 150          | 15               |
| Galtastaðaeyri ytri    | 68        | 11,0            | 162          | 22               |
| Eiríksstaðir           | 12        | 2,5             | 208          | 5                |
| Hákonarstaðir          | 12        | 2,5             | 208          | 5                |
| Merki                  | 14        | 2,5             | 179          | 5                |
| Hnefilsdalur           | 24        | 2,5             | 139          | 5                |
| Mælivellir             | 12        | 2,5             | 208          | 5                |
| Teigasel               | 31        | 2,5             | 81           | 5                |
| Dýjafjall              | 14        | 2,5             | 179          | 5                |
| Þríhryningsvatn        | 0         | 0,5             |              | 1                |
| Handáburður            | 0         | 6,0             |              | 12               |
| Skemmdir/ónýtt         | 0         | 1,0             |              | 2                |
|                        | 1.193     | 200             |              | 400              |

\*) 500 kg sekkir

### 3.1 Landgræðsluaðgerðir á Jökuldalsheiði

Á heiði var breitt 162,5 tonnum af áburði á um 956 ha lands. Þar af var 156,5 tonnum véldreift af verktökum. Unglingar frá vinnuflokki Landsvirkjunar handdreifðu 5 tonnum í skriður og rofabörð og 500 kg var dreift í rofsvæði við Þríhryningsvatn. Auk þess sáði unglingahópurinn húðuðum túnvingli með áburðardreifingunni í sum börðin. Eitt tonn áburðar var notað í vélsáningu í s.k. Toddastykki ásamt um 200 kg af húðuðum túnvingli.

#### 3.1.1 Vaðbrekkuháls

Áburður var breiddur á syðri hlíð hálsins sumarið 2017 en ekki hafði verið unnið á hálsinn í nokkur ár. Breiddir voru þarna 33 ha með 7 tonnum af áburði.

### 3.1.2 Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal var breitt um 11 ha svæði, aðallega næst Vaðbrekku, nyrstu svæðin í dalnum. Að mestu leiti var dreift með vélum, 2 tonn af áburði en auk þess handdreift í rofabörð, aðallega á milli Aðalbóls og Þórisstaða.

### 3.1.3 Skænudalur/Sveifarhæð

Breitt var á um 107 ha svæði á neðst á svæðinu. Allur neðri hlutinn (grýtta svæðið) var yfirfarinn á árinu. Sett var ríflegt það magn á ha sem sjóðurinn settur venjulega þar sem þessi hluti er erfiður yfirferðar. Auk þess var handdreift í rofabörð í Hálsenda. Á svæðið fór talsvert meira af áburði en undanfarin ár.

### 3.1.4 Hallarfjall

Breitt var á nýja svæðið nyrst frá í fyrra en einnig enduráburðargjöf á syðsta hluta Hallarfjalls. Sá hluti hefur ekki fengið áburð um árabil þar til nú. Alls var borið á Hallarfjall 10 tonn áburðar á 94 ha. Þetta er mikil aukning í magni áburðar frá því sem verið hefur undanfarin ár.

### 3.1.5 Laugarvalladalur

Áburður var settur á yst í dalsmynnið (Mógilsaurar) og stóran hluta uppgræðslusvæðisins innan við Vesturdalsá. Alls var breitt á um 74 ha og 12 tonn af áburði notað. Þetta er nokkur minnkun í magni frá því í fyrra.

### 3.1.6 Múli

Á Múla var breitt 6 tonnum á 34 ha lands, innst fyrir ofan veg að þessu sinni.

### 3.1.7 Brú

Breitt var á 145 ha í landi Brúar og 23 tonn af áburði, bæði við Vörðuhraun, utan við Dysjar norðan og sunnan við Austurleið til Þríhyrnings. Einnig breitt á Grænöxl, miðhluta svæðisins þetta árið. Ekki hefur verið komist á þessi svæði öll ár vegna bleytu.

### 3.1.8 Grunnavatnsalda

Haldið var áfram með breiðslu þar sem frá var horfið í fyrra með meiri áburð að þessu sinni en undanfarin ár, 23 tonn á 149 ha. Áhersla var á að komast yfir allan innsta hlutann sem ekki hafði fengið áburð um langt árabil. Ekki gekk það alveg eftir og bíður um 20 ha svæði innan við Ánavatn aðgerða næsta árs. Grunnavatnsalda er mjög stórt svæði og búast má við að þurfa að breiða einhvern hluta þess árlega næstu árin. Um 2,5 tonnum áburðar var handdreift í börð og vatnsrásir á svæðinu, t.d. við Heiðarsel (1,5T), Grunnavatnslækur (0,5T) og vegrás við Netselstanga (0,3T).

### 3.1.9 Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)

Að venju var borið á gildrusvæðið norður af Ánavatni. Nú fóru á það 8 tonn á 48 ha lands. Þetta árið var það miðhluti svæðisins sem fékk. Einnig voru sett 500 kg á nærumhverfi Sænautasels.

### 3.1.10 Bjallkolluhraun

Hafist var handa við nýtt svæði innan við vegamót Brúarveggar við Möðrudalsleið. Landgræðslufélag Héraðsbúa hafði borið á hluta svæðisins fyrir um áratug síðan en þeim aðgerðum hafði ekki verið fylgt eftir. Sjóðurinn ákvað að taka svæðið undir sinn verndarvæng og breiða þar 18 tonn á um 115 ha sumarið 2017. Búast má við að svæðið þurfi svipaðan skammt að ári og mögulega bæta við skika austan við.



### **3.1.11 Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir**

Ekki var véldreift á Botnahraun að Skollagrenisás sumarið 2017 en unglingar dreifðu um hálfu tonni áburðar þar. Auk þess var handdreift 1,5 tonni áburðar á Lönguhlíð og Toddastykki sumarið 2017. Þar var einnig véldreift alls 22 tonnum áburðar á um 132 ha. Munaði þar mestu að nú var fært á ýmsa hluta Lönguhlíðar sem oft hafa verið torsóttir vegna bleytu.

Hluti rofs í Toddastykki verður við að laus efni sem koma úr börðum safnast í skafla sem færa sig yfir nærliggjandi gróður. Þannig rofnar sú vörn er gróðurhulan er og rofaöfl hafa greiðari aðgang að jarðvegi. Til að sporna við þessu var reynt m.a. að raðsá túnvinngli í blöndu við rýgresi í sandfláka umhverfis virk rofabörð í Toddastykki og draga þannig úr hraða rofsins.

### **3.1.12 Skjöldólfsstaðhnjúkur**

Ábornir voru 13 ha með 2 tonnum af áburði, aðallega um vestari hluta svæðisins. Ekki var komist um allt sem fyrirhugað var þarna vegna bleytu.

## **3.2 Landgræðsluaðgerðir á áreyrum**

Á áreyrar var breitt á um 118 ha lands og notuð 18,5 tonn af áburði. Áherslan var öll á ytri eyri við Galtastaði og Hólmatungu þetta árið.

### **3.2.1 Hólmatunga/Hnitbjörg**

Breitt var á nyrðri hluta svæðisins sem ekki hafði fengið áburð í mörg ár, alls 7,5 tonn á ha.

### **3.2.2 Galtastaðir**


Ákveðið var að breiða á alla ytri Galtastaðeyri sumarið 2017. Þar fóru 11 tonn á 68 ha lands.

## **3.3 Framlag til bænda**

Nokkrir einstaklingar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum til að sinna svæðum í sínu nánasta umhverfi. Í töflu 2 er þessi úthlutun tíunduð ásamt öðru. Alls eru þetta átta aðilar sem fá úthlutun og breiddu samtals um 119 ha til gróðurstyrkingar. Að mestu var unnið með vélum en í tilfelli Þríhyrningsvatns er um handdreifingu að ræða í rofabörð og opnanir.


## **3.4 Kort af framkvæmdum sjóðsins.**

Á næstu síðum eru sýnd kort af helstu framkvæmdum sjóðsins. Á þeim má einnig lesa hvar áherslan hefur verið frá því áburðargjöf hófst á vegum verkefnisins. Litirnir gefa til kynna hve oft hefur verið farið yfir hvern 10\*10m reit og þar með vísbending um hve mikla meðferð reiturinn hefur fengið.




Mynd 3: Kort af syðstu svæðunum.






**Mynd 4: Brú og nágrenni.**




Mynd 5: Grunnavatnsalda og nágrenni.





Mynd 6: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlið, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldófsstaðahnjúk.





Mynd 7: Áreyrar Jöklu

## 4 Árangursmat - skipulagning aðgerða

Ráðgjafanefnd kom saman nokkrum sinnum á árinu 2017. Í henni sitja Baldur Grétarsson Fljótsdalshérað, Dagbjartur Jónsson Landsvirkjun og Rúnar Ingi Hjartarson Landgræðslunni. Nefndin er stjórn til ráðgjafar vegna tilboða í áburðakaup. Í ársbyrjun hvers árs vinnur nefndin áburðaráætlun sumarsins. Á vorin er farið um svæðin og lögð lokahönd á útfærslu breiðslu sumarsins og tillaga að skipulagi lögð fyrir stjórn til ákvörðunar. Ráðgjafanefndin annars svo verkstjórn með verktökum. Að hausti er árangur ársins metin og lögð drög að næstu skrefum.

### 4.1 Jökuldalsheiðin

Veturinn var í meðallagi snjóþunur á svæðunum en voraði vel og kom gróður fljótt til er snjóa leysti. Áburðarbreiðsla fór því fram heldur fyrr en mörg undanfarin ár, og má heita í meðallagi snemma, eða í lok júní. Haustið var sæmilegt en kom mun fyrr en t.d. árið á undan. Vatnsbúskapur sumarsins var yfirleitt ekki til vandræða. Árangur breiðslu var því ágætur er á heildina lítið.

Þar sem dreift var með höndum var víðast hvar þokkalegur árangur en rofabörðin sem átt er við eru misjöfn og sum hver mjög erfið í uppgræðslu.

#### 4.1.1 Varskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 12.6.17 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Veturinn var í meðallagi snjóþungur víðast hvar á svæðinu. Vorið var hlýtt og leysing jöfn og góð og gekk hraðar en sum árin á undan. Gróður var í meðallagi snemma á ferðinni og kom vel undan vetri. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 8: Skriða utan þverár í umsjón unglingahóps. Ber orðið lítið á raskinu.



Mynd 9: Efst í Skænudalur. Borið síðast á 2016.





**Mynd 10: Skænudalur. Sama og mynd 9. Búið að breiða 3 sinnum.**



**Mynd 11: Inn á Sveifarhæð. Fékk áburð 2015 og 2016.**



**Mynd 12: Hallarfjall.**



**Mynd 13: Sami staður og mynd 12. Víðir tekur vel við áburði.**





**Mynd 14: Laugarvalladalur. Hluti dalsins breiddur 2017.**



**Mynd 15: Laugarvalladalur. Innan við Vesturdalsá.**



**Mynd 16: Laugarvalladalur.**



**Mynd 17: Laugarvalladalur. Víða sand og vikurorpið.**





Mynd 18: Grunnvatnsalda. Þetta fékk áburð í sumar.



Mynd 19: Sunnan við Sænautavatn. Svæðið áborið 2016.



Mynd 20: Dekk veitt úr Jöklu.



Mynd 21: Upphalarar tilbúnir.

#### 4.1.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 15.09.16 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Heiðin kom mjög vel undan vetri um vorið þrátt fyrir talsverðan snjó þar síðla vetrar. Vatnsbúskapur var



yfirleitt ekki til vandræða. Haustaði í meðallagi snemma. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



**Mynd 22:** Vaðbrekkuháls. Hlíðin vinstra megin á myn áborin sumarið 2017.



**Mynd 23:** Í Hrafnkelsdal. Unnið var í börðum þar eins og undangengin ár.



**Mynd 24:** Skænudalur grýtur á kafla. Töluvert stór skammtur var settur á neðri hlutann.



**Mynd 25:** Tekið á svipuðum stað og mynd 24.



**Mynd 26:** Á Skænudal. Horft til Hrafnkelsdals. Áborið í sumar.



**Mynd 27:** Skænudalur. Séð til Hattar. Svæðið orðið talsvert stórt. Síðast áborið hér 2016.





**Mynd 28: A Skænudal. Glögg skil þess áborna.**



**Mynd 29: Tekið á sama stað og mynd hér til hliðar.**



**Mynd 30: Séð á Hallarfjall af Hálsi. Uppgræðslur þar orðnar alláberandi tilsýndar.**



**Mynd 31: Hallarfjall utanvert, séð af Hálsi.**



**Mynd 32: Laugarvalladalur.**



**Mynd 33: Laugavalladalur innan við Vesturdalsá. Hlíðin nær áborin 2017.**





**Mynd 34: Múli. Ábórið norðan við veg í ár**



**Mynd 35: Múli. Sami staður og mynd til hliðar.**



**Mynd 36: Við Grænöxl. Borið aðallega á miðbik svæðisins þetta sumarið.**



**Mynd 37: Séð yfir hluta aðgerðarsvæða í Brúarlandi, við Dysja.**



**Mynd 38: Grunnavatnsalda. Breitt var á syðsta hluta svæðisins í ár.**



**Mynd 39: Dæmigerð þekja á syðri hluta Grunnavatnsöldu. Gengur treglega og betra væri að komast oftar um þarna.**





**Mynd 40:** Grunnavatnsalda. Rofabörð við Heiðarsel. Unnið var í uppgræðslu þarna í sumar.



**Mynd 41:** Grunnavatnsalda, Ánavatn í baksýn. Glögg skil þess áborna sumarið 2017.



**Mynd 42:** Grunnavatnsalda. Skil breiðslu 2017 (nær) og 2016 (fjær).



**Mynd 43:** Norðan til á Grunnavatnsöldu er orðið „sultarlegt“ enda langt síðan síðast.....



**Mynd 44:** Bjallkolluhraun tók vel við áburði 2017.



**Mynd 45:** Sami staður og mynd hér til hliðar.





**Mynd 46: Bjallkolluhraun.**



**Mynd 47: Bjallkolluhraun.**



**Mynd 48: Langahlíð.**



**Mynd 49: Langahlíð kom vel út eftir áburðargjöf sumarsins sem tókst betur en oft áður.**



**Mynd 50: Toddastykki.**




**Mynd 51: Toddastykki**





**Mynd 52: Toddastykki.**



**Mynd 53: Toddastykki.**



**Mynd 54: Toddastykki.**



**Mynd 55: Toddastykki. Nýgræðingur spírar misvel.**



**Mynd 56: Toddastykki.**



**Mynd 57: Sum staðar nær nýgræðingur sér á strik. Hér er einæra rýgresið mest áberandi.**

## 4.2 Áreyrar

Árangur á áreyrunum var ágætur sumarið 2017. Flóð í Jöklu síðla vetrar höfðu einhver staðbundin áhrif á uppgræðslur. Flóð síðla hausts (eftir vaxtartíma 2017) gætu einnig hafa skaðað hluta uppgræðslusvæða en það kemur ekki í ljós fyrr næsta vor. Sumarið skilaði reglulegri úrkomu. Ummerki um beit, ekki síst gæsabeit, eru víða. Einnig má geta að sauðfjarnargirðing út Tunguna sem hluti svæðanna er á „bak við“ virðist ekki halda fé jafn vel og vonir stóðu til. Mikilvægt er að girðingahaldari tryggi betur rekstur girðingarinnar.



#### 4.2.1 Vorskodun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 13.6.16.



Mynd 58: Galtastaðaeypri innri.



Mynd 59: Galtastaðaeypri. Sami staður og hér til hliðar.



Mynd 60: Galtastaðaeypri. Sinan „greidd“ eftir yfirganginn um veturinn.



Mynd 61: Melgresið nyrst fékk ágjöf.





**Mynd 62: Gamall áll á ytri eyrinni við Galtastaði.**



**Mynd 63: Víðir hefur víða náð að skjóta rótum þar sem rakinn er meiri.**



**Mynd 64: Ytri Galtastaðaeyrin. Nyrsti hluti svæðisins hefur mátt þola talsverða ágjöf.**



**Mynd 65: Ytri Galtastaðaeyri.**





**Mynd 66: Dæmigert gróðurfar á eyrum við Hólmatunga.**



**Mynd 67: Hólmatunga.**



**Mynd 68: Gömul heydreifing við Breiðumörk. Misjafn árangur.**



**Mynd 69: Surtstaðaeyrin fékk síðast áburð fyrir 2 árum.**





**Mynd 70:** Surtssstaðaeypri. Nokkuð góð þekja er kominn á stærsta hluta eyrarinnar.



**Mynd 71:** Surtssstaðaeypri. Bæði víðir og birki hafa víða skotið rótum þar sem raki er meiri.

#### 4.2.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar **20.-22.9.17**. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðum.




**Mynd 72:** Hólmatunga.



**Mynd 73:** Hólmatunga. Dæmigerð gróðurþekja.





**Mynd 74: Ytri Galtastaðaeypri. BGL verkefni nýhafið hægra megin.**



**Mynd 75: Ytri Galtastaðaeypri. Víða víðir í drögum.**



**Mynd 76: Eyrin tók vel við áburði.**



**Mynd 77: Lúpína komin á austurbakkann.**



**Mynd 78: Innri Galtastaðaeypri.**



**Mynd 79: Innri Galtastaðaeypri..**





**Mynd 80: Innri Galtastaðaeyri. Beringspuntur.**



**Mynd 81: Víðir hefur fundið sér set innan um puntinn.**

### **4.3 Bændadreifing**

Ekki var gerð sérstök úttekt á öðrum svæðum á árinu (t.d. bændasvæðunum).

## 5 Fundargerðir stjórnar 2017

### 5.1 Fundargerð 81. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs þriðjudaginn 24.01.2017 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 16:00

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 16.12. 2017.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

2. Ársreikningur 2016.

Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi hjá Deloitte mætti til fundar undir þessum dagskrárlið og fór yfir ársreikning 2016 með stjórnarmönnum. ( Tölur í sviga eru frá ársuppgjöri 2015 ). Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 280.314.246 ( 288.599.786 ) Til ráðstöfunar á árinu 2017 eru áætlaðar 22 milj.kr ( 25 ) milj.kr milljónir sem byggir á að raunávöxtun bankainnstæðu verði 1,84 % ( 1,6 % )

Að lokinni yfirferð var reikningurinn borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Ársreikninginn verður sendur til ríkisskattstjóra, ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra, aðal- og varamanna stjórnar. Sigurði þökkuað koman sem og veitt þjónusta Deloitte, véc hann hér af fundi.

3.Útgjaldaáætlun 2017.

Farið yfir útgjaldaáætlun fyrir árið 2017. Ljóst er miðað við þá verðlækkun á áburði sem boðuð hefur verið frá fyrra ári er aukið svigrúm til landbótastarfs sjóðsins. Þóknun vegna fundarsetu 2017 verði byggð á sömu forsendum og fyrri ár byggð á samþykkt frá 71. fundi stjórnar. Áætlunin rúmast innan þeirrar heimilda sem kynntar voru af endurskoðanda í 2. lið þessa fundar.

Samþykkt samhljóða

4. Áburðarkaup 2017.

Formanni falið að óska eftir tilboðum frá áburðarbirgjum í allt að 200 tonn af áburði. Áskilin er réttur til að taka hvað boði sem er eða hafna öllum.

Opnun tilboða fer fram föstudaginn 3. febr. kl 14:00 á bæjarskrifstofu Fljótshéraðs að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska eða fulltrúum þeirra.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Engin mál tekin fyrir undir þesum lið.

6. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

7. Fundarslit kl 17:40

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.



## 5.2 Fundargerð 82. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 03.02.2017 fundurinn er haldinn á Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson. Sigvaldi setti fund kl 14:05.

1. Opnun tilboða í áburð.

Mættir til fundar auk stjórnar Rúnar Ingi Hjartarson og Dagbjartur Jónsson frá ráðgjafanefnd sjóðsins. Einnig eru mættir eftirtaldir fulltrúar tilboðsgjafa Steinn Björnsson frá Skeljungum, Einar Guðmundsson og Baldur Grétarsson frá Búví. Ekki eru mættir fulltrúar frá Fóðurlöndunni eða Sláturfélagi Suðurlands umboðsaðila Yara né hafa tilboð borist stjórn frá þeim fyrirtækjum.

Efirfarandi tilboð hafa borist.

Tafla yfir tilboð í áburð 2017 með uppgæfnum tölum frá tilboðsaðilum.

|                   | Tegund               | magn<br>tn. | kr/tn<br>án vsk | samt. án<br>vsk | kr/tn<br>m vsk | samt. með<br>vsk  | gr.dagur | Annað |
|-------------------|----------------------|-------------|-----------------|-----------------|----------------|-------------------|----------|-------|
|                   |                      |             |                 |                 |                |                   |          |       |
| <b>Skeljungur</b> | Sprettur<br>OEN 38-8 | 199,8       |                 | 11.814.507      |                | <b>14.649.989</b> | 15.mai   |       |
| <b>Skeljungur</b> | Sprettur 26-<br>13   | 199,8       |                 | 9.626.814       |                | <b>11.937.249</b> | 15.mai   |       |
| <b>Búvís</b>      | Völlur 30-5          | 200         | 41.336          | 8.267.200       |                | <b>10.251.328</b> | 1-15.mai |       |
| <b>Búvís</b>      | Völlur 27-<br>12     | 200         | 44.180          | 8.836.000       |                | <b>10.956.640</b> | 1-15.mai |       |

Áburðasölum þökkuð koman.

Fleira ekki gert undir þessum lið.

2. Afgreiðsla innsendra tilboða.

Stjórn sjóðsins ásamt fulltrúum ráðgjafanefndar þeim Dagbjarti og Rúnari Inga yfirfóru tilboðin. Á grundvelli þeirrar skoðunar er ákveðið að ganga til samninga við Búví um áburðarkaup. Formanni er falið að staðfesta kaup á 200 tonnum af Velli 27-12 fyrir kr. 10.956.640 með vsk. Áburðurinn verður afgreiddur á Reyðarfirði. Komi fram gallar á áburði og við dreifingu áskilur sjóðurinn sér rétt til að gallaður áburður verði bættur samanber tilboðs beiðni.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur sameiginleg mál með ráðgjafanefnd.

Baldur Grétarsson fulltrúi í ráðgjafanefnd mætir til fundar.

3.1 Áburðaráætlun 2017

Áburðaráætlun liggur ekki fyrir en ráðgjafanefnd mun koma saman fljótlega og ráða ráðum sínum. Endanleg áætlun verði lögð fyrir stjórn sjóðsins á sameiginlegum fundi í júní nk. til samþykktar.

3.2 . Styrkloforð vegna Toddastykkis.

Málið áður á dagskrá 79.fundar 28.júní 2016 og 80.fundi 16.desember 2016.

Ráðgjafanefnd falið að vinna tillögur að því hvernig þessu fjármagni verði best varið við uppgræðslustörf í Toddastykki. Að því loknu verði málið lagt fyrir stjórn til samþykktar eða synjunar.

3.3 Upplýsingaskilti.

Ráðgert hafði verið að endurnýja upplýsingaskilti á síðasta ári en ekki varð af því.

Gengið verði í að hefja þessa vinnu strax svo hægt verði að koma skiltunum upp hið fyrsta á sumri komanda. Rúnar tekur að sér uppfæra eldri kort . Formanni falið að ræða við Rannveigu Einarsdóttir hönnuð hjá Náttúrulega og koma málinu af stað.

#### 3.4 Hugmyndir stjórnar um eflingu sjóðsins.

Stjórn kynnti ráðgjafanefnd þær hugmyndir sem hún hefur um eflingu sjóðsins.

Baldur, Rúnar Ingi og Dagbjartur yfirgefa fundinn að loknum þessum dagskrárlið.

#### 4. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 20.01.2016

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

#### 5. Erindi frá Matvælastofnun ( MAST )

Fyrir liggur bréf undirritað af Jóni Baldri Lorange framkvæmdastjóra Búnaðarstofu um staðfestingu landbótaáætlunar á Jökuldalsheiði 2016- 2025 vegna gæðastýrðar sauðfjárframleiðslu .

Málið lagt fram til kynningar.

#### 6. Önnur mál.

##### 6.1 Styrkumsókn til Alcoa foundation.

Formanni falið að undirbúa málið.

Ekki fleiri önnur mál undir þessum dagskrárlið.

#### 7. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

#### 8. Fundarslit kl 16:50.

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

### **5.3 Fundargerð 83. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs fimmtudaginn 15.06.2017 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.**

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 17:00

#### 1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 03.02.2017.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

#### 2. Erindi til Landsvirkjunar og Alcoa.

Erindi var sent Landsvirkjun í framhaldi af fundi stjórnar og fulltrúa Landsvirkjunar sl haust þar sem óskað var eftir viðræðum um hugsanlega framlengingu á líftíma sjóðsins. Svar hefur borist frá Landsvirkjun þar sem fyrirtækið stefnir að viðræðum vegna þessa nk haust.

Samþykkt að kynna bæjarstjóra málið og óska eftir aðkomu hans að viðræðum stjórnar Landbótasjóðs og Landsvirkjunar.

Eins hefur verið sent inn erindi til Alcoa um styrkveitingu til sjóðsins .

Málið er í vinnslu innan Alcoa.

#### 3. Önnur mál

Björn Hallur ræddi bakkapróf.

Samþykkt að taka málið upp innan stjórnar eftir opnun áburðartilboða 2018.

#### 4. Verkáætlun landbótastarfs 2017. Ráðgjafanefnd kynnir tillögur sínar.



Mættir eru til fundar frá ráðgjafanefnd sjóðsins Baldur Grétarsson og Dagbjartur Jónsson kl: 17:40. Rúnar mættir kl 18:23.

Ráðgjafanefnd fór um uppgræðslusvæðin á Jökuldalsheiði og Hrafnkelsdal 12. júní sl. og um Jökulsáreyrar í Jökulsárhlíð og Hróarstungu var farið 13.júní sl.

Baldur gerði grein fyrir skiptingu þeirra 200 tonna (175) af áburði sem borin verða á þetta sumarið, 158 tn (133,0) á Jökuldalsheiði, Brúarsvæði og Hrafnkelsdal. Þar sem útlit er fyrir að Jökulsá fari snemma á yfirfall er ekki lagt til aukið magn áburðar á Jökulsáreyrar en lagt til 18 tn ( 18) verði dreift á eyrarnar þetta árið. Sama magn fari til svonefndrar bændadreifingar eða 18 tn (18). Auk þessa mun unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar dreifa 6 tn (6,0) af áburði. Gert er ráð fyrir lítilsháttar frædreifingu en starfsmanni LV er falið að meta þörf fyrir fræ. Dreifing sú er vinnu flokkurinn framkvæmir er á svæðum sem ekki eru véltæk. (tölur í sviga magn 2016). Ráðgjafanefnd telur að hægt sé að hefja dreifingu nú þegar á áðurnefnd svæði.

Verkátætlun ráðgjafarnefndar 2017 lögð fram til samþykktar stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Þar sem sjóðurinn hefur ekki gert verktakasamning vegna dreifingar á Jökulsáreyrum er lagt til að nýtt verði 1.gr samnings við dreifingarverktaka, vegna uppgræðsluvinnu 2017 á umræddu svæði „þá munu verksalar dreifa áburði og fræi á önnur svæði en framan er getið óski verkkaupi þess.“ Tilv lýkur.

Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

5.1 Tillögur ráðgjafarnefndar varðandi uppgræðslu í Toddastykki.

Baldur kynnti tillögu ráðgjafarnefndar varðandi aðgerðir í Toddastykki en stjórn hafði falið nefndinni að vinna tillögur samanber lið 3.2 á fundi 3.febrúar.sl.

Tillaga ráðgjafanendar er svohljóðandi.

„Til stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs, 15. Júní 2017.

Ráðgjafanefnd Landbótasjóðs Norður Héraðs hefur fjallað um uppgræðslumál í svokölluðu Toddastykki. Nefndin er ekki samstiga um notkun á vélgröfum eða jarðýtum í glímunni við rofabörðin, en er sammála um að notkun heys til að binda jarðveg væri til góðs á svæðinu og myndi ekki skaða það á nokkurn hátt.

Til þessa hafa ekki verið borin undir landeigendur önnur áform um landbætur á vegum sjóðsins en dreifing tilbúins áburðar á jörðunum Arnórstöðum og Ármótaseli. Öll frávik frá því vinnulagi væri rétt að bera undir landeiganda áður en kostað er til mikilli vinnu í skipulag annara aðferða við uppgræðsluna á þessum jörðum. „tilv lýkur .

Undir þetta rita allir nefndarmenn ráðgjafarnefndar.

Afgreiðsla stjórnar.

Þar sem tillögur ráðgjafarnefndar Landbótasjóðs Norður Héraðs dags. 15. Júní 2017 varðandi aðferðir við uppgræðslu í Toddastykki eru aðrar en styrkloforð sem sjóðnum barst 18.júlí 2016 frá Landbótasjóði Landgræðslunnar gerðu ráð fyrir er formanni falið að senda Landgræðslunni erindi um hvort stofnunin samþykki tillögur ráðgjafanendar.

Samþykkt samhljóða

6. Kvöldverður kl 19:00

Mættir eru til fundar verktakarnir Sigurður H Jónsson, Snæbjörn Ólason, Jón Björgvin Vernharðsson og Agnar Benediktsson þá er einnig mættur Arnór Benediktsson starfsmaður sumarvinnuflokks Lv .

7. Verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv kynnt verkátætlun.

Baldur kynnti ný samþykktá verkáætlun 2017 fyrir verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv.

8. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn og ráðgjafanefnd til yfirlstrar. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

9. Fundarslit kl 20:20

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.